

Bókun stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á stjórnarfundum félagsins þann 2. nóvember 2007.

Með vísan til bóknar borgarráðs Reykjavíkur frá því í gær, 1. nóvember, samþykkir stjórn OR eftirfarandi ályktun:

1. Stjórn OR fellst á tilmæli borgarráðs Reykjavíkur varðandi samruna REI og Geysir Green Energy, o.fl. og mun leita viðeigandi leiða til að tryggja að tillagan geti náð fram að ganga.

2. Að fengnum tilmælum borgarráðs samþykkir stjórn Orkuveitunnar að falla frá samþykki sínu sem veitt var hinn 3. okt. sl. á stjórnar- og eigendafundi OR, að því er eftirfarandi atriði varðar:

- a) að OR kaupi nýtt hlutafé í REI að fjárhæð kr. 2.600.000.000, á genginu 1,0 sem staðgreiðist fyrir 1. febrúar 2008.
- b) að Orkuveita Reykjavíkur samþykki að hlutir félagsins í Hitaveitu Suðurnesja hf., að bókfærðu verði kr. 8.674.611.-, verði lagðir inn sem hlutafé í REI á genginu 2,7 og fái hlutafé í REI að nafnvirði kr. 3.209.276 sem undanfari samruna REI og Geysis Green Energy.
- c) að Orkuveita Reykjavíkur samþykki samning við REI um aðgang að tækniþjónustu o.fl., dags. 3. okt. sl.
- d) að Orkuveita Reykjavíkur samþykki samruna REI við Geysi Green Energy hf. skv. „fyrirliggjandi samningi um breytingar á eignarhaldi REI og samruna REI við Geysi Green Energy“.

Áskilur stjórn OR sér rétt til að taka nýjar ákvarðanir varðandi ofangreind málefni, í samræmi við síðari ákvarðanir stjórnarinnar og væntanlegs eigendafundar OR, að fengnum tillögum stjórnarformanns OR. Sjá þó lið 5.

3. Stjórn OR samþykkir að beina því til stjórnarmanna í REI ehf., að ekki verði teknar neinar ákvarðanir í stjórn REI á grundvelli fundarsamþykktar frá 3. október sl., nema að fengnu fyrirfram samþykki stjórnar OR, en boðaður framhaldsaðalfundur REI verður haldinn 17 nóvember n.k.

4. Stjórn OR samþykkir að fela stjórnarformanni að vinna tillögur til stjórnar OR um aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt, sbr. lið 1 hér að framan. Skulu þær tillögur lagðar fyrir næsta stjórnarfund OR. Stefnt er að því, áður en ákvarðanir eru teknar um einstakar aðgerðir, að bera slíkar tillögur undir aukafund eigenda í OR. Jafnframt er stjórnarformanni falið að hafa samráð við fulltrúa eigenda um það hvenær af slíkum fundi geti orðið.

5. Til að tryggja hagsmuni OR gagnvart öðrum hluthöfum í REI samþykkir stjórn OR að OR sé heimilt að kaupa nýtt hlutafé í REI að fjárhæð kr. 2.600.000.000 á genginu 1.0 sem staðgreiðist fyrir 1. febrúar 2008, eða fyrr, sbr. áskriftarsamning dags. 6. okt. 2007.

6. Stjórnarformanni er falið að ræða um stöðu og framhald málsins við aðra hluthafa í REI og aðra þá aðila er málið varðar, sbr. m.a. bréf forstjóra FL-Group dags. 1. nóvember 2007.